

Fundargerð

89. fundur í Safna- og menningarmálanefnd

Sunnudagurinn 27.09.2015 kl 17:00 haldinn í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Bjarki Hjörleifsson, Dagbjört Höskuldsdóttir, Ingibjörg H. Ágústsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir sem ritar fundargerð, Gunnlaugur Árnason.

Efni fundar:

1. Opin fundur 13 október kl 20:00 á Ráðhúsloftinu um stefnumótun safna og menningarmála í Stykkishólmi.

Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður Safnahús Borgarfjarðar heldur erindi um menningarstefnu Borgarbyggðar.

Ragnheiður tók að sér að biðja Guðrúnu að senda nefndinni stefnuna á tölvupósti.

Dagbjört hafði heyrt að Austurland hefði nálgast menningarmál á góðan hátt. Dagbjört tók að sér að hafa samband við Elísabetu Haraldsdóttur hjá Menningarráði Vesturlands og fá upplýsingar sem gagnast gætu nefndinni varðandi stefnumótum í safna og menningarmálum.

Opin fundur: Ákveðið var að hafa blöð og penna til að skrifa niður hugmyndir og að eftir fundinn yrði hugmyndafundur fyrir þá sem hefðu áhuga á að taka þátt í hugmyndaárinu.

Hverja á að boða á fundinn ?

Allir eru velkomnir en hafa sérstaklega samband við forstöðumenn Amtsbókasafns, Norska hús, Eldfjalla og Vatnasafns og tónlistarskóla. Leikfélagið fékk boðun á fundinum. Listvinafélag Stykkishólms – Anna í Anok.

Ragnheiður tók að sér að athuga með fundarstjóra.

Auglýsing: Fréttatilkynning í nk viku og auglýsing í Stykkishólmspóstinn vikuna á eftir, Ragnheiður ræðir við Önnu í Anok.

2. Fyrirlestur sem var í Vatnasafninu 17. september sl. Listamaður á söguslóðum. Johannes Larsen á ferð um Ísland 1927 og 1930. Hafði tekist vel var þekktur danskur málari sem myndskreytti íslendingarsögurnar í danskri útgáfu – túsmyndir. Kom fram að Vatnasafnið væri ekki hentugt fyrir fyrirlestra þar væri of mikill bergmál.
3. Ragnheiður sagði frá að Guðrún Ingimundardóttir væri að vinna verkefni fyrir Mennta og menningarmálaráðuneyti . Markmiðið með verkefninu er að afla upplýsinga til að innleiða sáttmála UNESCO um verndum menningararfða frá árinu 2003. Beðið er eftir

nánari upplýsingum um þetta verkefni.

4. Leikfélagið – formaður leikfélagsins Bjarki Hjörleifsson upplýsti að húsnæði leikfélagsins væri komið á sölu, það er gamla Hljómskálahúsið. Leikfélagið vantar geymsluhús, æfingar og sýningahúsnæði. Ragnheiður vissi að viðræður hafa verið í gangi varðandi Rækjuneshúsnæðið, en vissi ekki nákvæma stöðu mála á viðræðum.

Fundi slitið kl 17:50

Ragnheiður Valdimarsdóttir